

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík

Varðandi: Athugasemd við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028

Undirrit., Ingi S. Ingason, kt. 150550-2119, er einn allmargra eigenda að Víkurbraut 30, einnig kallað Sigurðarstaðir, og hefur sem slíkur hagsmuna að gæta varðandi fyrirbyggjandi skipulagstillögu.

Á heimasíðu Mýrdalshrepps, vik.is, sá ég mér til nokkurrar hrellingar, að enn eru uppi hugmyndir meðal sveitarstjórnarfólks í Mýrdal að færa veglínu hringveggar nr. 1 suður fyrir byggðina í Vík með því að bora göng í gegnum Reynisfjall. Þar sem ég ólst upp í Mýrdalnum frá fæðingu og fram yfir fermingu og tel mig þekkja nokkuð vel til náttúru og staðhátta á svæðinu tel ég þetta hið mesta óráð. Skulu nú færð nokkur rök fyrir því.

Þótt ég sé ekki menntaður jarðfræðingur hefur hvorki mér né öðrum dulist, að Reynisfjallið er byggt upp af brotjörnu efni. Auk glöggra ummerkja frá liðnum öldum má sjá nýlega fláa í berginu, þar sem hrúnið hefur úr því á undanförunum áratugum. Skammt frá fyrirhuguðum gangnamunna í austurhlíð Reynisfjalls sýnist mér vera mikil sprunga og yrði farið að bora/sprengja göng í gegnum bergið tel ég að mikil fylla myndi koma þar niður.

Ég ólst upp við uppmögnuð sjávarhljóð (bergmál) og kvakið í fýlnum þau uppvaxtarár sem ég var í Hamrinum og á Sigurðarstöðum og nýt þess enn þann dag í dag að hlusta á þessi hljóð, þegar ég dvel í Víkinni.

Allir, sem til fýlsins þekkja, vita að hann verpir ekki í fláum í bergi, heldur á syllum (gjarnan lítið eitt grónum). Fyrsta bjargsig mitt eftir fýl átti ég í Kvíanefinu í landi Fagradals. Það er gert úr svipuðum steindum og Reynisfjallið (Palagonítúff, að ég hygg), en þar varð mikið hrun fyrir nokkrum árum. Bælið, sem ég sótti fyrsta fýlinn minn í, fór þar með og ekkert kom í þess stað.

Sá umferðardynur, sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja þeim farartækjum, sem ætlað er að fara um fyrrnefnd göng og eftir fyrirhugaðri veglínu milli Víkurfjörú og Sigurðarstaða, mun tvímælalaust spilla þeirri hljóðvist, sem fjallað er lítillega um á bls. 15 í **Drögum að umhverfisskýrslu**, sem fylgir skipulagstillögunni. Hvernig „framlenging flóðvarnargarðs“ á að geta dregið „úr neikvæðum áhrifum á hljóðvist“ (bls. 15 í pdf-skjalinu UMHVERFISSKÝRSLA – DRÖG) fæ ég ekki skilið. Eini flóðvarnargarðurinn, sem ég sá í haust, þegar ég fór síðast í Víkurfjörúna, gengur beint í sjó fram austan mynnis Víkurár með stefnu í suður eða hugsanlega lítillega til útsuðurs. Garði þessum er, að því mér hefur skilist, ætlað að varna frekara landbroti framan við byggðina í Vík og virðist honum ætla að takast það.

Um 26 ára skeið hef ég starfað á sumrin við að leiðsegja þýskumælandi ferðamönnum um Ísland. Margir hafa haft það á orði, að einna best hafi þeim liðið í Vík, ekki hvað síst í fjörunni, þar sem lundinn er ljúfastur fugla og hefur ekki hvað minnst aðdráttarafl. Þótt hann hafi í mínum uppvexti einnig orpið í Víkurkletti, fara, hygg ég, flestir til að skoða hann í hrapinu upp af Seilasteininum, en ekki í fjöruna austan Víkurár, enda situr hann þar hvergi uppi.

Ég vænti þess, að tekið verði tillit til þessara skoðana minna og er tilbúinn til að ræða þær nánar, ef óskað er.

Virðingarfyllt
Stokkseyri, 21. 11. 2001
Ingi S. Ingason, ingis@ing.is
Eyjaseli 7
825 Stokkseyri